


Alþingi
Erindi nr. P 138/2727
komudagur 7.6.2010



Félagsþjónusta Norðurlands

KETILSBRAUT 7-9 640 HÚSAVÍK. Sími: 464-6100 kt: 640169-5599

Nefndarsvið skrifstofu Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Húsavík, 3. júní, 2010.

Efni: Umsögn vegna frumvarps til barnaverndarlaga, 557. mál.

Fyrir hönd Félagsmála- og barnaverndarnefndar Norðurlands vil ég gera eftirfarandi athugasemd við frumvarps til barnaverndarlaga 557. Mál. Í frumvarpinu er EKKI gert ráð fyrir eftirfylgni með þeim sem hafa orðið uppvísir af því að beita barn kynferðislegu ofbeldi. Auk þess er EKKI gert ráð fyrir því að aðilar sem kynferðisafbrotamenn flytja inn á og eru með börn á heimili séu varaðir við. Dæmi eru um það hér á landi að menn hafi beitt börn sín kynferðislegu ofbeldi, sitji í fangelsi vegna þess og fari svo í sambúð með annarri konu sem á börn á því heimili og einnig að slíkir menn fari í sambúð með annarri konu og eignist barn með þeirri konu. Það er ekkert sem tryggir að konur viti af því að sambýlismenn þeirra hafi beitt barneða börn kynferðislegu ofbeldi. Þar sem ekkert er um þetta í núgildandi barnaverndarlögum, er óljóst hvort eigi að bregðast við slíkri vitneskju og þá hvernig. Hægt er að túlka slíka upplýsingagjöf til kvenna sem fara í sambúð með kynferðisafbrotamönnum sem trúnaðarrest. Hins vegar kemur fram í skilgreiningar- og flokkunarkerfi (SOF) sem unnið er eftir hér á landi af hálfu barnaverndaryfirvalda og að um vanrækslu í umsýjun og eftirliti sé að ræða, ef barn er skilið eftir eitt hjá aðila sem hefur beitt barn kynferðislegu ofbeldi.

Virðingarfyllst, f.h. Félagsmála- og barnaverndarnefndar Norðurlands

Freydís J. Freysteinsdóttir

Freydís Jóna Freysteinsdóttir, félagsmálastjóri